

Ágætu sjóðfélagar Almenna lífeyrissjóðsins.

Ég flyt hér skýrslu Kjörnefndar vegna rafræns stjórnarkjörs árið 2024.

Kjörnefnd er árlega skipuð af stjórn Almenna lífeyrissjóðsins og hana skipa Lára V. Júlíusdóttir, Ingvar J. Baldursson og sá sem hér talar Ólafur Jónsson.

Með Kjörnefnd störfuðu 2 starfsmenn sjóðsins, þeir Hrannar Bragi Eyjólfsson lögfræðingur og Halldór Bachmann kynningarstjóri. Þeim sem og öðrum starfsmönnum sjóðsins vil ég þakka gott samstarf við undirbúning og framkvæmd kosninga.

Hlutverk Kjörnefndar er að sjá til þess að framkvæmd stjórnarkjörs sjóðsins fari rétt fram og sé í samræmi við ákvæði laga og samþykktu sjóðsins. Í því felst að semja reglur um störf Kjörnefndar og framkvæmd kosninganna og eru þær reglur birtar á heimasíðu sjóðsins.

Hjá Almenna lífeyrissjóðnum reiknast atkvæðisréttur eftir inneign í séreignarsjóði og hlutfallslegri inneign í samtryggingarsjóði, þó með hámarksatkvæðarétti skv. grein 8.2 í samþykktum sjóðsins, sem miðast við 126.736.381 kr. inneign.

Eftir nauðsynlegan undirbúning Kjörnefndar var auglýst eftir frambjóðendum þann 15. febrúar og samhliða voru birtar þær reglur sem framkvæmdin byggir á. Framboðsfresti lauk 29. febrúar. Alls bárust 8 framboð og úrskurðaði Kjörnefnd 7 þeirra gild.

Við stjórnarkjörið var notast við sama kosningakerfi og áður, það er VALMUND frá Advania. Kosið var um 2 sæti aðalmanns bæði skipuð konum og 1 sæti varamanns, skipað karli eða konu.

Alls komu fram þrjú framboð kvenna til aðalstjórnar og voru tvær þeirra auk fjögurra karla í kjöri til varastjórnar.

Framkvæmd kosningar var í tvennu lagi, það er kosning tveggja kvenna í aðalstjórn og kosning karls eða konu í varastjórn.

Rafrænt stjórnarkjör hófst 25. mars og því lauk í gær, 3. apríl 2024.

Á kjörskrá voru 55.858 sjóðfélagar og nýttu 1049 sjóðfélagar kosningarétt sinn, eða 1,88% sjóðfélaga.

Kjósendur í ár voru því 45% fleiri en árið 2023, þegar þeir voru 723.

Heildar atkvæðamagn í kosningunum var 401.278.416.600

Greidd atkvæði voru 47.485.266.257 eða 99% fleiri en árið 2023.

Kjörsókn miðað við atkvæðamagn var 11,83%

Fyrir hönd Kjörnefndar er staðfest að stjórnarkjörið fór fram í samræmi við samþykktir sjóðsins.

Niðurstaða í kosningu tveggja aðalmanna í stjórn Almenna lífeyrissjóðsins er:

(Nafn og % hlutfall frambjóðanda í 3. – 1. sæti og tek ekki afstöðu lesið upp, en ekki fjöldi atkvæða).

Aðalstjórn	Frambjóðandi	Fjöldi	Hlutfall
1	Arna Guðmundsdóttir	43.139.234.109	68,74%
2	Elva Ósk Wium	11.037.793.248	17,59%
3	Heiða Óskarsdóttir	7.168.154.258	11,42%
	Tek ekki afstöðu	1.409.759.500	2,25%
	Samtals	62.754.941.115	100,00%

Fyrir hönd Kjörnefndar Almenna lífeyrissjóðsins, lýsi ég því yfir að:

Arna Guðmundsdóttir lyf- og innkirtlalæknir og Elva Ósk Wium lögmaður, eru rétt kjörnar sem aðalmenn til stjórnar næstu 3 ár.

Niðurstaða í kosningu eins varamanns í stjórn Almenna lífeyrissjóðsins:

(Nafn og % hlutfall hvers frambjóðanda í 6. – 1. sæti og tek ekki afstöðu lesið upp, en ekki fjöldi atkvæða).

Varastjórn	Frambjóðandi	Fjöldi	Hlutfall
1	Kristján Þórarinn Davíðsson	10.560.421.492	22,24%
2	Elva Ósk Wíium	5.355.431.375	11,28%
3	Gunnar Hörður Sæmundsson	4.907.657.356	10,34%
4	Heiða Óskarsdóttir	4.357.156.558	9,18%
5	Kristófer Már Maronsson	3.840.826.687	8,09%
6	Hans Grétar Kristjánsson	1.580.649.374	3,33%
	Tek ekki afstöðu	16.883.123.415	35,55%
	Samtals	47.485.266.257	100,00%

Fyrir hönd Kjörnefndar Almenna lífeyrissjóðsins, lýsi ég því yfir að:

Kristján Þórarinn Davíðsson sjávarútvegsfræðingur er rétt kjörinn varamaður til stjórnar næstu 3 ár.

Frambjóðendum er þakkað fyrir þátttöku í þessum lýðræðislegu kosningum.

Nýkjörnum stjórnarmönnum er óskað til hamingju með kjörið og óskað velfarnaðar í störfum fyrir sjóðinn.